

Listmeðferðarfræðingum sem hafa viðurkennda menntun í listmeðferð gefst kostur á að vera félagar í FLÍS, Félagi listmeðferðarfræðinga á Íslandi.

Félagsmönnum ber að fylgja siðareglum FLÍS.

Það telst vera brot á siðareglum að mismuna einstaklingum á grundvelli kynþáttar, menningar, kyns, hjúskaparstöðu, líkamlegrar og andlegrar getu, trúarbragða, kynferðis og aldurs.

Listmeðferðarfræðingur skal ávallt hafa hagsmuni skjólstæðings í huga. Henni/honum ber að stuðla að því að að læknisfræðileg velferð skjólstæðings sé í höndum læknis.

Listmeðferðarfræðingi ber að viðhafa fagleg samskipti við skjólstæðing sinn:

Listmeðferðarfræðingur skal ekki misnota hæði (dependency) skjólstæðings á kynferðislegan, fjárhagslegan né á nokkurn annan hátt.

Óleyfilegt er að stofna til persónulegs sambands við skjólstæðing á meðan á meðferð stendur.

Listmeðferðarfræðingur skal ekki starfa undir áhrifum áfengis eða lyfja sem geta truflað getu hennar/hans til að sinna starfi sínu.

Við upphaf meðferðar gerir listmeðferðarfræðingur skýran samning við skjólstæðing eða forráðamann hennar/hans hvað varðar umgjörð meðferðarsambandsins (therapeutic frame). Sú umgjörð mótast af starfsumhverfi hverju sinni.

Samskipti listmeðferðarfræðings og skjólstæðings er trúnaðarmál.

Starfi listmeðferðarfræðingur á opinberri stofnun skal hún/hann halda þær trúnaðarreglur sem stofnunin setur.

Í einkastarfi skal ríkja trúnaður á milli listmeðferðarfræðings og skjólstæðings nema öryggi skjólstæðings, listmeðferðarfræðings eða almennings sé ógnað.

Listmeðferðarfræðingur aflar ekki upplýsinga um skjólstæðing frá öðrum án samþykkis hans, nema þar sem lagaskylda býður að það sé gert. Þá skal einungis afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að vinna að málinu. Fari upptaka fram verður að afla skriflegs samþykkis skjólstæðings. Heimilt er að víkja frá trúnaðarskyldu, ef skjólstæðingur fer skriflega fram á að ákveðin persóna eða stofnun fái upplýsingar.

Listmeðferðarfræðingi ber að kynna sér ábyrgð sína í starfi varðandi meðferð skjólstæðinga og leggja sig fram um að fylgjast með breytingum á lögum og reglum varðandi starfsgreinina.

Listmeðferðarfræðingur stundar starf sitt með faglega heildarsýn að leiðarljósi og byggir á fræðilegum kenningum, niðurstöðum rannsókna og starfsreynslu í listmeðferð. Listmeðferðarfræðingur viðheldur þekkingu sinni og endurnýjar hana. Hann fylgist vel með nýjungum í starfi og uppfyllir þau skilyrði sem gerð eru til starfsins á hverjum tíma.

Ef listmeðferðarfræðingur vill nota munnlegt, myndrænt eða ritað efni úr listmeðferðinni til rannsókna, kennslu, útgáfu eða sýninga skal:

- fá leyfi skjólstæðings eða forráðamanns ef nokkur kostur er og gera henni/honum ljóst hvernig efnið verði notað. Þessi regla fellur niður þrem árum eftir að meðferð lýkur, en þó skal ávallt gæta nafnleyndar.
- hafa velferð skjólstæðings ávallt í fyrirrúmi og hverfa frá útgáfu ef hættu er á að hún trufli meðferðina.
- halda nafnleynd skjólstæðings.

Æskilegt er að listmeðferðarfræðingur fylgist með eigin færni í starfi með því að sækja handleiðslu, annað hvort á vinnustað eða á eigin vegum. Fyrstu þrjú starfsár listmeðferðarfræðingsins ber honum að sækja handleiðslu.

Listmeðferðarfræðingum í einkarekstri er heimilt að auglýsa þjónustu sína.

Listmeðferðarfræðingur hlýðir samvisku sinni og sannfæringu.

Listmeðferðarfræðingur getur synjað að framkvæma listmeðferðarverk, sem hann treystir sér ekki til að bera faglega ábyrgð á.

Siðareglurnar eru nýttar til þess að taka afstöðu til kvartana á hendur listmeðferðarfræðingum. Við mat stjórnar á kvörtunum er tekið mið af því hvort listmeðferðarfræðingurinn hafi velt fyrir sér siðferðilegri hlið málsins áður en hann tók siðferðilega ákvörðun. Listmeðferðarfræðingi sem fær vitneskju um að annar listmeðferðarfræðingur fari ekki eftir siðareglunum ber að koma þeirri vitneskju til stjórnar Félags listmeðferðarfræðinga á Íslandi.

Lög Félags Listmeðferðarfræðinga á Íslandi

1. grein

Heiti félagsins er; Félag Listmeðferðarfræðinga á Íslandi. Lögheimili og varnarþing þess er í Reykjavík. Heimasíða félagsins er www.listmedferdisland.com. Félagssvæði tekur til alls landsins.

2. grein

Hlutverk félagsins er að;

- a) Próa og efla framgang listmeðferðar á Íslandi.
- b) Upplýsa og fræða fagaðila og almenning um listmeðferð og notagildi hennar.
- c) Stuðla að rannsóknum og gæðum faglegrar vinnu jafnt á stofnunum sem og í einkarekstri.
- d) Halda utan um réttindi og skyldur félagsmanna.
- e) Að stuðla að því að þeir sem fást við listmeðferð uppfylli fyllstu kröfur að því er varðar menntun og siðgæði í starfi.
- f) Að stuðla að samstarfi og samheldni milli félagsmanna.
- g) Að kynna nýja félagsmenn.

3. grein

Tilgangi sínum hyggst félagið ná;

- a) Með reglulegum fundum stjórnar svo og félagsfundum.
- b) Með greinaskrifum í blöð og fagtímarit.
- c) Með því að stuðla að handleiðslu og handleiðsluhópum innan félagsins.
- d) Með því að sækja um aðild að stéttarfélagi.
- e) Með lögverndun starfsheitis.

4. grein

Ákvæði um inngöngu í félagið eru þessi:

- a) Full aðild er heimil þeim er lokið hafa námi í listmeðferð á háskólastigi frá viðurkenndri stofnun, þ.e. stofnun er mætir kröfum félags listmeðferðarfræðinga í viðkomandi landi.
- b) Auka aðild er heimil þeim er stunda nám í listmeðferð. Einnig þeim sem hafa lokið námi í skyldum greinum og/eða hafa áhuga á faginu. Þeim er óheimilt að starfa við listmeðferð og nota starfsheitið listmeðferðarfræðingur.
- c) Sækja skal skriflega um aðild að félaginu.

5. grein

Óheimilt er að koma fram í nafni félagsins eða nota nafn þess án heimildar stjórnar.

6. grein

Rétt til setu á fundum félagsins hafa allir félagsmenn a) og b) samkvæmt 4.grein. Eingöngu félagsmenn samkvæmt a) lið 4. greinar hafa atkvæðisrétt á félagsfundum

7. grein

Heimilt er að víkja félögum úr félaginu ef þeir greiða ekki félagsgjöld í 2 ár samfellt. Einnig er heimilt að víkja þeim félögum úr félaginu sem gerast brotlegir við siðareglur félagsins. Stjórn félagsins fjallar um málið hverju sinni.

8. grein

Upphæð félagsgjalda er ákveðin á aðalfundi félagsins. Þeir sem eru komnir á eftirlaun og heiðursfélagar eru undanþegnir félagsgjöldum. Álagningu félagsgjalda skal lokið fyrir 1. júní (gjaldalagi) og eindagi félagsgjalda er 1. júlí.

9. grein

Reikningsár félagsins er 1. apríl til 31. mars. Reikningum skal skilað til skoðunarmanns reikninga sjö dögum fyrir aðalfund.

10. grein

Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu 10. -31. apríl ár hvert. Til aðalfundar skal boða með formlegum hætti, með minnst 14 daga fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar skulu fylgja aðalfundarboði. Til að mál nái fram að ganga þarf samþykki 2/3 fundarmanna.

11. grein

Dagskrá aðalfundar skal vera;

1. Skýrsla stjórnar.
2. Stjórn leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Umræður um skýrslu og reikninga.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár.
6. Önnur mál.

12. grein

Lögum félagsins verður aðeins breytt á aðalfundum félagsins. Tillögum til lagabreytinga skal skilað með aðalfundarboði. Nái breytingatillaga samþykki 2/3 fundarmanna telst hún samþykkt. Aðalfundur telst lögmætur ef helmingur félagsmanna mætir til fundarins.

13. grein

Stjórn félagsins skipa 5 menn: formaður, gjaldkeri, ritari og tveir meðstjórnendur.

Hlutverk formanns er:

- Formaður skal boða til félags- og stjórnarfunda svo oft sem þess gerist þörf og stýrir þeim.
- Formaður kemur fram fyrir hönd félagsins út á við.
- Formaður undirritar öll bréf fyrir hönd félagsins.
- Formaður skal sjá til þessa að lög félagsins séu uppfærð í samræmi við lagabreytingar sem samþykktar eru á aðalfundi.
- Formaður kynnir lög og siðareglur félagsins fyrir nýjum félagsmönnum.
- Formaður tryggir að öll gögn sem berast til og eru send féluginu séu skráð og geymd í gögnum félagsins.
- Formaður tekur saman skýrslu stjórnar fyrir aðalfund.
- Formaður leitar sátta í ágreiningsmálum sem kunna að koma upp innan félagsins.

Hlutverk gjaldkera er:

- Gjaldkeri hefur eftirlit með sjóðum félagsins.
- Gjaldkeri hefur yfirsýn yfir tekjur og gjöld félagsins.
- Gjaldkeri sér um fjármál félagsins, innheimtu félagsgjalda og hefur umsjón með reikningum félagsins.
- Gjaldkeri þarf að samþykkja allar greiðslur félagsins.
- Gjaldkeri ber allar greiðslur úr félagsjóði undir samþykki stjórnar.
- Gjaldkeri sér um gerð ársreikninga og að skila þeim til skoðunarmanns reikninga fyrir aðalfund ár hvert.
- Gjaldkeri les upp reikninga félagsins á aðalfundi og svarar fyrirspurnum.
- Ef gjaldkeri getur ekki gegnt sínu hlutverki af einhverjum ástæðum skal annar stjórnarmeðlimur taka hans stað.

Hlutverk ritara er:

- Ritari skal vera formanni innan handar í öllum málum og gegna starfi formanns í forföllum hans.
- Ritari sér um að rita fundargerðir stjórnar- og félagsfunda.
- Ritari sendir stjórnarmönnum/félagsmönnum fundargerðir sé þess talin þörf.
- Ritari les fundargerð síðasta fundar þegar það á við.
- Ritari sér um að heimilis-síma- og netfangalisti félagsmanna sé uppfærður á hverjum aðalfundi og sendir út til félagsmanna.
- Ritari er umsjónarmaður heimasíðu félagsins.
- Ef ritari getur ekki gegnt sínu hlutverki af einhverjum ástæðum skal annar stjórnarmeðlimur taka hans stað.

Hlutverk meðstjórnanda er:

- Meðstjórnendur eru staðgenglar annarra stjórnarmanna eftir aðstæðum.
- Meðstjórnendur sjá um undirbúning og skipulagningu félagsstarfs ásamt öðrum stjórnarmeðlimum.
- Meðstjórnendur veita öðrum stjórnarmönnum aðhald og stuðning.
- Meðstjórnendur kalla eftir upplýsingum annarra stjórnarmanna um gang mála og taka virkan þátt í að fylgja eftir ákvörðunum stjórnar.

14. grein

Kosning formanns fer fram á aðalfundi, að öðru leyti skiptir stjórn sjálf með sér verkum.

15. grein

Stjórnin er kjörin til tveggja ára í senn.

16. grein

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur ákvarðanir um starfsemi og er ábyrg fyrir fjárreiðum og skuldbindingum félagsins.

17. grein

Stjórnarfundur skal boðaður með formlegum hætti með 7 daga fyrirvara. Stjórnarfundur er ályktunarhæfur ef minnst 3 stjórnarmenn sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Ef atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

18. grein

Stjórn félagsins er skylt að efna til almenns félagsfundar ef minnst 1/3 félagsmanna óska þess. Almennir fundir skulu auglýstir á tryggilegan máta með minnst 7 daga fyrirvara.

19. grein

Fráfarandi stjórn skal funda með nýrri stjórn innan mánaðar frá aðalfundi félagsins.

20. grein

Félag listmeðferðarfræðinga á Íslandi á bókasafn sem er á ábyrgð stjórnar hverju sinni. Stjórn félagsins, hverju sinni, tilnefnir einn stjórnarmann sem ábyrgðarmann útlána. Aðgangur að bókasafninu skal aðgengilegur í samráði við tilgreinan ábyrgðarmann.

21. grein

Með samþykkt þessara laga falla úr gildi eldri lög félagsins.

Viðbót við 8. grein laganna samþykkt á aðalfundi 20. apríl 2012.

Breytingar og viðbót við 8. grein, 9. grein, 10. grein, 13. grein og bætt við viðbótargrein sem verður nr. 19. Samþykkt á aðalfundi 2. maí 2014.

Viðbótargrein sem verður nr. 20. Samþykkt á aðalfundi 30. apríl 2016.

Code of Ethics

Art therapists who have completed a masters degree in art therapy from an approved educational institution are eligible to become members in the Icelandic Art Therapy Association (IATA).

Members must adhere to the IATA Code of Ethics, which is set up to protect the welfare of individuals, groups and families seeking art therapy.

Discrimination against clients based on race, cultural background, gender, marital status, religion, sexual orientation, age, physical or mental ability are considered ethical violations.

The welfare of the client should always be a priority to the art therapist. It is their duty to ensure that the medical health of the client is in the hands of a medical doctor.

The art therapist must at all times keep all interaction with the client professional.

The art therapist must never abuse the client's dependency within the therapeutic relationship for financial, sexual or any other personal gains.

Personal relationships with clients are prohibited during the treatment period.

The art therapist must not conduct sessions while under the influence of alcohol, or any other medication that may interfere with their ability to function as a therapist.

The therapist must make a treatment contract with the client or client's legal guardians, stating the appropriate therapeutic frame.

All interactions between therapist and client are confidential.

Art therapists working in larger facilities (public or private) are required to follow their workplace's rules of confidentiality.

Art therapists in private practice must maintain confidentiality unless he or she believes that the client, public or the therapist herself is at risk.

The art therapist must not obtain information regarding their client without the client's consent, unless the therapist is legally obliged to do so.

In such cases the therapist should only obtain information legally relevant to the therapeutic process. A written consent must be obtained prior to recording a session. Confidential information may only be disclosed to a third party, if a client submits a written request to the therapist.

Art therapists will always remain aware of their responsibilities and obligations as treatment providers. Therapists must also be up to date with any changes in laws and regulations regarding art therapy.

Art therapists must always maintain the upmost professionalism. Treatment should always be guided by theories, research and experience in art therapy.

Art therapists are required to follow new developments in their field through clinical work and educational activities, as well as fulfilling the professional requirements at any given time.

Should the art therapist want to use any part of the treatment process, verbal information, artwork or written statements for educational, research, publishing or exhibition purposes it is necessary to:

- Obtain client's or legal guardian permission, if possible, and explain how the material will be used. This rule does not apply three years or more after the end of treatment, though anonymity applies at all times.
- keep the client's welfare a priority and refrain from publishing if it could possibly harm the treatment.
- maintain anonymity at all times.

It is preferable that the art therapist remain vigilant regarding their professional development by attending supervision, either at the place of work or independently.

During the first three years in the field the art therapist should receive supervision by a licensed mental health professional or a fellow art therapist with at least 10 years of experience in the field.

Art therapists in private practice are free to advertise their services.

Art therapists shall always follow their conscience and beliefs.

The art therapist may decline to provide treatment if they consider themselves unable to be professionally responsible.

The board of IATA receives and processes complaints regarding art therapists, based on this code of conduct. A major factor in the board's ruling is whether the art therapist

acted in an ethical way. Art therapists have an obligation to report any breach of conduct by another art therapist, to the board of IATA.

November 2016